

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 21 ? 24.09. 2003

Miðvikudaginn 24. september, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 1630 í Áhaldahúsinu.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason, Einar Gíslason, Páll Pálsson framkvæmdastjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Nýtt bókhaldskerfi. Margeir Friðriksson, fjármálastjóri Sv. Skagafjarðar, mætir á fundinn.
 2. 50 ára afmæli Hitaveitu Sauðárkróks.
 3. Staða framkvæmda.
 4. Borun við Kýrholt.
 5. Prókúra til Árna Egilssonar.
 6. Erindi frá Hólaskóla varðandi heitt og kalt vatn í nýjum eldisaðstöðuhúsum skólans hér á Sauðárkróki.
 7. Heimasíða Skagafjarðarveitna.
 8. Önnur mál.
1. Vegur að borholu í Reykjarhóli.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda Sighvats setti fund og gekk til dagskrár.

1. Margeir Friðriksson kom á fundinn og gerði grein fyrir þeim bókhaldskerfum, sem fulltrúar Skagafjarðar og Skagafjarðaveitna hafa verið að skoða sl. mánuði. Veitustjóra falið að kanna frekar bókhaldskerfi og reynslu annara veitna á viðkomandi kerfum.
2. Páll Pálsson sagði frá undirbúningi að 50. ára afmæli Hitaveitu Sauðárkróks. Rætt um staðsetningu á brjóstmynd af Jóni Nikodemussyni. Stefnt að því að halda upp á 50 ára afmælið þann 8. nóvember.
3. Páll Pálsson greindi frá stöðu á rekstri og framkvæmdum miðað við fjárhagsáætlun.
4. Páll Pálsson gerði grein fyrir stöðunni. Áætlaður kostnaður við verkið er nú, miðað við fóðringu og dýpri borun, kr. 32 milljónir. Lagt fram bréf frá Orkusjóði þar sem kemur fram að Orkuráð samþykkir að lána til verksins 60% af kostnaði eða allt að 19.2 milljónir króna með víkjandi láni. Ljóst er að ekki verði ráðist í borun fyrr en næsta vor.
5. Stjórn Skagafjarðaveitna samþykkir að veita Árna Egilssyni prókúru fyrir Skagafjarðaveitur ehf.
6. Erindi frá Hólaskóla, dagsett 05.09.2003, sem vísað var til Skagafjarðaveitna ehf. frá Byggðarráði Skagafjarðar þann 16.09.2003, þar sem kemur fram ósk um að gengið verði frá því með formlegum hætti hvernig farið verður með kostnað af heitu og köldu vatni í aðstöðu Hólaskóla á Sauðárkróki, þ.e. að Freyjugötu 7 og í Skjaldarhúsinu. Stjórn Skagafjarðaveitna samþykkir að Hólaskóli greiði 33% af gildandi gjaldskrá vegna vatnssölu til rannsóknar og þróunarþátta.

Upphitunarkostnaður húsnæðis verður greiddur samkvæmt gildandi gjaldskrá. Ákvörðun þessi gildir til 1. ágúst 2004.

7. Páll Pálsson gerði grein fyrir gerð heimasíðu fyrir Skagafjarðarveitur. Gert er ráð fyrir því að heimasíðan verði formlega opnuð þann 8. nóv. n.k. á afmælishátíð veitunnar. Stjórnin samþykkir að fundargerðir stjórnar verði vistaðar á heimasíðunni.

8. Önnur mál

1. Stjórnin samþykkir að fela veitustjóra að vinna að undirbúningi að gerð vegar upp að borholunni að norðanverðu.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 19.00